

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
(sent rafrænt á landsskipulag@skipulag.is)

Ísafirði 8. janúar 2021

Umsögn um viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur yfirfarið drög að tillögu Skipulagsstofnunar um viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026, sem birt voru á heimasíðu Skipulagsstofnunar í nóvember s.l..

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur kynnt sér efni viðauka við Landsskipulagsstefnu og hefur komið að ábendingum, eins hefur verið leitað til sveitarfélaga á Vestfjörðum um efni hennar. Að auki hafa verið setnir kynningarfundur Skipulagsstofnunar þann 3. desember s.l. fyrir vestfirsk sveitarfélög og upplýsingar og umræðufundur Sambands íslenskrar sveitarfélaga þann 22. desember s.l.. Í báðum tilvikum var um fjárfundi að ræða.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur kynnt sér drög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um viðauka við Landsskipulagsstefnu. Í meginatriðum tekur Fjórðungssambandið undir þær ábendingar sem settar fram að hálfu Sambandsins og eins hrós um fagleg vinnubrögð Skipulagsstofnunar við undirbúning, skrif stefnu og framsetningu á efni stefnunnar. Eins framsetningu umhverfismats og tengingu Landsskipulagsstefnu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Landsslagssamning Evrópu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill áréttta hér eftirfarandi atriði sem koma þá til viðbótar við umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Landsskipulagsstefna þéttbýlis og dreifbýlis.

Að mati Fjórðungssambands Vestfirðinga þá er nálgun Skipulagsstofnunar of einhliða metin út frá viðfangsefnum sem koma úr ranni þéttbýlla sveitarfélaga og nálgun á fyrirmyndir erlendis frá eru sama eðlis. Sett á oddinn þá séu viðfangsefni viðauka við Landsskipulagsstefnu of höfuðborgarmiðuð og sýn höfuðborgar um stefnu skipulags fyrir landið í heild verði ráðandi.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að við undirbúning og skrif Landsskipulagsstefnu ætti að taka umræðu um hvernig taka beri tillit mið mótun stefnu, til ólíkrar aðstæðna sveitarfélaga á þéttbýlli svæðum landsins og landsstórra sveitarfélaga í dreifbýli. Hér má einnig tiltaka mismunandi aðstæður fjólkjarnasveitarfélaga og sveitarfélaga sem hafa meginhluta íbúa í einum þéttbýlisskjarna. Með tilheyrandi margföldun kostnaðar og vinnu við útfærslu skipulagsstefnu og verkefna sem valin eru t.d. tengingu þéttbýlisstaða með umhverfisvænni samgöngum. Má hér einnig taka undir ábendingu Sambands íslenskra sveitarfélaga að taka eigi tillit til aðstæðna að sumri sem vetri.

Á samráðsfundum sem haldnir voru kynningu á lýsingu á viðauka við Landsskipulagsstefnu sem fóru fram m.a. á Ísafirði fyrri hluta árs 2019 voru framangreind atriði rædd að hálfu fulltrúa Fjórðungssambandsins. Ekki liggja fyrir fundargerðir eða minnisblöð, hvernig unnið var úr niðurstöðum þessara samráðsfunda.

Æskilegt væri að aðilar þessara funda yrði kynnt hvernig staðið er að úrvinnslu á efni þeirra en að minnsta kosti yfirlit yfir fundi og hvaða aðilar hefðu setið þá. Eins væri æskilegt að heimildaskrá lægi frammi um leið og kynning fari fram. En á grunni þessara gagna mætti ræða nálgun Skipulagsstofnunar á þetta atriði og skoðun Fjórðungssambandsins að um of einhliða höfuðborgastefnu sé að ræða. Taka þetta efni til umræðu og skrifa sérstaklega um þennan þátt.

Til að nefna einstakt dæmi er umfjöllun um 20 mín samfélagið. Fyrirmyndir eru sóttar til borga sem eru með til muna fleiri íbúa en jafnvel Ísland í heild sinni. Á þetta var bent á kynningarfundum með vestfirskum sveitarfélögum þann 3. desember s.l. og kom fram að Skipulagsstofnun hefði einnig haft hliðsjón af skýrslu ráðuneytis sveitarstjórnarmála í Noregi. „Byrom – en idehandbok“. Meginhluti verkefna í þeirri skýrslu er í stærri bæjum sem eru með fleiri íbúa en Reykjavík, þó áhugaverð verkefni megi einnig finna í minni þéttbýlisstöðum en þeir eru þá á stærð þéttbýli með íbúafjölda á við Akureyri.

Vindorka.

Fjórðungssambandið telur miður að felld hafi verið út umfjöllun um vindorkunýtingu og tekur undir kröfu Sambands íslenskra sveitarfélaga að kafla um vindorku komi fram í þingsályktunartillögu ráðherra.

Haf og strandsvæðaskipulag.

Fjórðungssambandið telur mikilvægt að hraðað verði skipulagi hafs og strandsvæða við landið og sett verði auknir starfskraftar og fjármagn til að verkefnisins. Langur aðdragandi var að málinu þegar Landsskipulagsstefna var sett fram og eins var langur aðdragandi að löggjöf og upphaf verkefna á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Fjórðungssambandið lýsir hér áhyggjum af nærsvæðum Strandsvæðaskipulags Vestfjarða og að of langur tími líði þar til þau svæði verði tekin til skoðunar. Benda má aðstæður Ísafjarðabæjar þar sem hluti strandlengju Friðlands á Hornströndum er utan Strandsvæðaskipulags Vestfjarða, þ.e. svæði frá Straumnesi að Furufriði.

F.h. Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.